

Almannatryggingar og velferðarmál 2008

Social protection expenditure 2008

Samantekt Heildarútgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála hafa vaxið verulega síðasta aldarfjórðung eða úr tæplega 5,7% af landsframleiðslu árið 1980 í ríflega 8,9% af landsframleiðslu 2008, en það samsvarar 132 milljörðum króna á því ári. Hafa velferðarútgjöldin ríflega þrefaldast að magni á tímabilinu (220% vöxtur) miðað við verðvísitölu samneyslu og ríflega tvöfaldast á mann (129% vöxtur). Árið 2008 runnu 413 þúsund krónur til þessa málaflokks á mann samanborið við 181 þúsund krónur í byrjun níunda áratugarins á verðlagi 2008.

Útgjöld hins opinbera vegna almannatrygginga og velferðarmála má sundurliða í níu meginundirflokkka í samræmi við alþjóðastaðla. Útgjöld til fjölskyldna og barna er umfangsmesti útgjaldaliðurinn, en til þess málaflokks runnu rúmlega 37,6 milljarðar króna 2008, eða 2,5% af landsframleiðslu. Hækkunin milli ára nam 4 milljörðum króna. Útgjöld vegna örorku og fötlunar námu 34,9 milljörðum króna og hækkuðu um 6,6 milljarða króna milli ára. Útgjöld vegna öldrunar námu 33,1 milljarði króna og hækkuðu um 4 milljarða króna milli ára. Framlög vegna atvinnuleysis voru 5,4 milljarðar króna 2008 og hækkuðu þau útgjöld um 2,3 milljarða króna frá fyrra ári.

Í ritinu eru einnig kynntar meginniðurstöður ESSPROS-flokkunarkerfisins¹ varðandi félagsvernd hér á landi sem Hagstofan hefur unnið undanfarin ár samhliða hinu hefðbundna COFOG-flokkunarkerfi opinberra útgjalda. Samkvæmt ESSPROS nær félagsvernd til allra afskipta opinberra aðila og einkaaðila sem miða að því að létta byrðum af heimilum og einstaklingum vegna fjárhagslegrar íþyngingar eða tekjumissis. Útgjöld til félagsverndar 2008 námu 325,6 milljörðum króna eða 22,1% af landsframleiðslu. Um 40% útgjaldanna 2008 voru vegna slysa og veikinda (heilbrigðismála), en það samsvarar ríflega 8,8% af landsframleiðslu. Til verkefna vegna öldrunar fóru rúmlega 22% útgjaldanna eða 4,9% af landsframleiðslu. Þá vógu útgjöld vegna örorku og fötlunar og sömuleiðis fjölskyldna og barna þungt, en ríflega 13% útgjalda til félagsverndar runnu til hvors verkefnasviðs eða 2,9% af landsframleiðslu. Til fyrrgreindra fjögurra verkefnasviða runnu um 89% heildarútgjalda til félagsverndar.

Einnig er að finna í ritinu samanburð á félagsvernd milli Norðurlandanna og sömuleiðis milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Árið 2006 ráðstöfuðu Svíar til dæmis 30,7% af landsframleiðslu sinni til félagsverndar og Danir 29%. Norðmenn aftur á móti 22,6%, Færeyingar 24% og Finnar 26,3%. Á því ári rann 21% landsframleiðslu hér á landi til félagsverndar eða 247 milljarðar króna. Á Evrópska efnahagssvæðinu runnu að meðaltali 26,9% af landsframleiðslu ríkja þess til félagsverndar árið 2006.

¹ The European System of integrated Social Protection Statistics.



Í ritinu eru velferðarútgjöld gerð upp samkvæmt COFOG og ESSPROS stöðlum

Inngangur

Í þessu riti er yfirlit um útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála samkvæmt COFOG-flokkunarkerfinu (*Classification of the Functions of Government*), en undir þann málaflokk falla annars vegar ýmiss konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegna elli, örorku, veikinda, tekjumissis, fæðinga og atvinnuleysis, og hins vegar ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga og velferðarþjónusta við fatlaða á vegum ríkisins. Einnig er í ritinu vikið að almennri félagsvernd hér á landi. Í fyrsta kafla ritsins er gerð grein fyrir útgjaldaþróun almannatrygginga og velferðarmála frá 1980 með tilliti til fjárhæða, hlutfalla og vaxtar að raungildi. Í öðrum kafla er vikið að meginútgjaldaflokkum almannatrygginga og velferðarmála á tímabilinu 1998 til 2008 og í þriðja kafla er farið ítarlegar yfir útgjaldaþætti hins opinbera á þessu sviði á sama tímabil. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir útgjöldum til almennrar félagsverndar hér á landi, en stuðst er við hið svokallaða ESSPROS-flokkunarkerfi (*The European System of Integrated Social Protection Statistics*). Þá er að finna í fimmta kafla samanburð á meginhagstærðum velferðarútgjalda milli Íslands og hinna Norðurlandanna og ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Að síðustu er töfluviðauki og ensk þýðing á íslenskum heitum í töflum.


1. Þróun almannatrygginga og velferðarútgjalda frá 1980 til 2008

Á aldarfjórðungi hafa útgjöld til velferðarmála vaxið úr 5,7% af landsframleiðslu í 8,9%

Heildarútgjöld til almannatrygginga og velferðarmála hafa vaxið verulega síðasta aldarfjórðungi eða úr tæplega 5,7% af landsframleiðslu árið 1980 í ríflega 8,9% af landsframleiðslu árið 2008 (sjá mynd 1). Það samsvarar um 132 milljörðum króna á verðlagi þess árs. Eftir þessum mælikvarða reyndust útgjöldin hæst árið 2003 eða 9,7% af landsframleiðslu.¹

Mynd 1. Velferðarútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu 1980–2008

Figure 1. Social protection as per cent of GDP 1980–2008



... og að magni til hafa þau ríflega þrefaldast

Til þess að meta vöxt velferðarútgjalda hins opinbera að raungildi frá 1980 er nærtækast að staðvirða þau með verðvísitölu samneyslu. Í byrjun níunda áratugarins voru velferðarútgjöld ríflega 41 milljarður króna á verðlagi 2008 en um 132

¹ Í þessu samhengi verður að hafa í huga að hagvöxtur var lítill á árunum 2002 og 2003 en jókst hins vegar verulega á árunum 2004–2007 eða um ríflega 25%.

milljarðar árið 2008 eins og áður segir. Velferðarútgjöld hafa því ríflega þrefaldast að magni (220% vöxtur) á þessu tímabili. Velferðarútgjöld hins opinbera á mann voru hins vegar um 413 þúsund krónur árið 2008 en um 181 þúsund krónur árið 1980 á verðlagi 2008 og hafa því ríflega tvöfaldast (129% vöxtur) síðasta aldarfjórðung. Síðustu sex árin hafa þau þó nánast staðið í stað að árinu 2006 undanskyldu og verið um 400 þúsund krónur á mann á verðlagi 2008 (sjá töflu 14).

2. Meginútgjaldaflokkar almannatrygginga og velferðarmála

Um 52% velferðarútgjalda renna til öryrkja og aldraðra

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála má sundurliða í níu meginundirflokka í samræmi við hinn alþjóðlega staðla COFOG¹ fyrir opinber velferðarútgjöld eins og gert er í töflu 1 og töflu 14. Á árinu 2008 runnu 131,9 milljarðar króna til þessa málaflokks, eða 8,9% af landsframleiðslu, og nam hækkunin milli ára 20,5 milljörðum króna. Í hlutfalli við landsframleiðslu hækkuðu útgjöld þessa málaflokks um 0,4 prósentustig frá árinu 2007. Hæst mældust þau hins vegar 2003, eða 9,7% af landsframleiðslu. Um fimmtungur útgjalda hins opinbera rennur til málaflokksins árið 2008.

Tafla 1. Útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála

Table 1. The general government expenditure on social protection¹

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Velferðarútgjöld alls	7,72	7,69	8,67	9,73	9,46	9,06	8,30	8,56	8,93
1. Slys og veikindi	0,10	0,09	0,09	0,09	0,08	0,08	0,06	0,05	0,06
2. Örorða og fötlun	1,59	1,86	1,83	2,16	2,23	2,17	2,12	2,17	2,36
3. Öldrun	2,53	2,41	2,38	2,59	2,57	2,66	2,21	2,24	2,24
4. Eftirlifendur	0,04	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02
5. Fjölskyldur og börn	1,79	1,76	2,44	2,70	2,62	2,46	2,50	2,59	2,55
6. Atvinnuleysi	0,43	0,25	0,42	0,55	0,52	0,36	0,25	0,24	0,37
7. Húsnæðisaðstoð	0,76	0,74	0,85	0,93	0,83	0,75	0,64	0,61	0,68
8. Félagsleg aðstoð, ót.a.s.	0,21	0,21	0,21	0,24	0,23	0,19	0,17	0,28	0,31
9. Önnur velferðarmál, ót.a.s.	0,26	0,34	0,42	0,44	0,35	0,37	0,32	0,36	0,34

¹ The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

Í töflu 1 er að finna yfirlit um útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála á árunum 1998 til 2008. Útgjöld hins opinbera til fjölskyldna og barna eru umfangsmest, en til þess málaflokks runnu rúmlega 37,6 milljarðar króna 2008, eða 2,5% af landsframleiðslu (sjá mynd 2). Hækkunin milli ára nam 4 milljörðum króna. Útgjöld vegna örorku og fötlunar námu 34,9 milljörðum króna og hækkuðu um 6,6 milljarða króna milli ára. Þá námu útgjöld vegna öldrunar 33,1 milljarði króna og hækkuðu um 4 milljarða króna milli ára. Framlög vegna atvinnuleysis voru 5,4 milljarðar króna 2008 og hækkuðu þau útgjöld um 2,3 milljarða króna frá fyrra ári.

68% velferðarútgjalda eru félagslegar tilfærslur til heimila en 25% samneysluútgjöld


Félagslegar tilfærslur til heimilanna voru 68% útgjalda hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála árið 2008, en 25% voru samneysluútgjöld af ýmsu tagi og afgangurinn að stærstum hluta fjárfestingarútgjöld. Samneysla hins opinbera í velferðarmálum var rúmlega 33 milljarðar króna 2008. Þar af var samneysla sveitarfélaga tæplega þrjú fimmtu hlutar, en hún fólst að mestu í umönnun barna og

¹ COFOG stendur fyrir Classification of the Functions of Government og er staðall fyrir flokkun á útgjöldum hins opinbera eftir viðfangsefnum. Meginviðfangsefnin eru tíu að tölu og eru almannatryggingar og velferðarmál tíundi flokkurinn. Sameinuðu þjóðirnar gefa staðalinn út en hann er notaður af alþjóðastofnunum, svo sem OECD, IMF og Eurostat. Sjá: www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun.

aldraðra, meðal annars rekstri barna- og elliheimila. Samneysla ríkissjóðs á þessu sviði var að mestu þjónusta við fatlaða. Afgangurinn var samneysla almannatrygginga. Rúmlega sjö tíundu hlutar af heildarsamneyslu hins opinbera í velferðarmálum er launakostnaður. Fjárfesting hins opinbera í velferðarmálum var um 2 milljarðar króna 2008.


Mynd 2. Útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála 2008

Figure 2. The general government expenditure on social protection 2008



Mynd 3. Velferðarútgjöld á mann á verðlagi 2008

Figure 3. Social protection per capita at 2008 prices



Útgjöld vegna almanna-
trygginga og velferðarmála
námu 413 þúsundum krónum á
mann árið 2008

Í töflu 14 er að finna upplýsingar um staðvirt útgjöld hins opinbera til almanna-trygginga og velferðarmála. Árið 2008 voru útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks um 413 þúsund krónur á mann á verðlagi þess árs, eða 16,7 þúsund króna hærrí fjárhæð en árið á undan en lítið eitt hærrí en á árunum 2003–2005. Útgjöld hins opinbera vegna fjölskyldna og barna voru 117,6 þúsund krónur á mann 2008 og vegna örorku og fötlunar 109,4 þúsund krónur. Útgjöld vegna öldrunar námu 103,7 þúsund krónum á mann árið 2008, vegna húsnæðisaðstoðar 31,4 þúsund krónum og vegna atvinnuleysis 14,4 þúsund krónum á mann. Mynd 3 sýnir að útgjöld hins opinbera til fjölskyldna og barna og sömuleiðis til öryrkja og fatlaðra hafa aukist umtalsvert síðasta áratug að raungildi. Aukningin er um 65%

vegna öryrkja og fatlaðra og 58% vegna fjölskyldna og barna. Útgjöld hins opinbera til aldraðra og til húsnæðisaðstoðar hafa á sama tíma nokkurn veginn staðið í stað að raungildi.

3. Undirflokkar almannatrygginga og velferðarútgjalda

3.1 Útgjöld hins opinbera vegna slysa og veikinda

Útgjöld hins opinbera vegna slysa og veikinda námu 900 milljónum króna 2008

Ein stoð velferðarkerfis hins opinbera er fjárstuðningur vegna slysa og veikinda. Stuðningurinn við slasaða nær meðal annars til allra launþega í landinu og slysa er tengjast störfum þeirra með einum eða öðrum hætti. Á árinu 2008 námu útgjöld hins opinbera vegna þessa um 900 milljónum króna eða 0,06% af landsframleiðslu. Þar af voru útgjöld hins opinbera vegna slysa 433 milljónir króna eða 0,03% af landsframleiðslu. Langstærsti hluti fjárstuðnings vegna slysa er þó utan hins opinbera kerfis því í langflestum kjarasamningum eru slík réttindi tryggð. Atvinnurekendur greiða laun í forföllum starfsmanna vegna slysa og endurtryggja sig að hluta hjá frjálsum tryggingafélögum sem jafnframt bjóða slysa- og sjúkratryggingar á hinum almenna markaði.

Tafla 2. Útgjöld hins opinbera vegna slysa og veikinda

Table 2. The general government expenditure on sickness and health care¹

Millj. kr. Million ISK	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Útgjöld vegna slysa og veikinda	591,3	636,9	754,5	756,2	756,1	779,2	718,9	702,9	900,0
1. Slysadagpeningar	368,2	218,5	212,5	205,0	194,0	178,2	180,8	190,1	202,7
2. Sjúkradagpeningar	188,2	378,6	494,2	488,9	475,5	449,2	410,8	370,5	432,8
3. Sjúklingabætur	0,0	0,0	1,5	11,6	34,4	66,7	62,0	68,7	91,1
4. Foreldrar langveikra barna								3,9	84,9
5. Þjónusta v/slysa og veikinda	34,9	39,8	46,3	50,7	52,2	85,1	65,3	69,8	88,5

¹ The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

Við veikindi kemur hið opinbera velferðarkerfi til skjalanna með greiðslu sjúkradagpeninga sem greiddir eru alla daga vikunnar frá og með 15. veikindadegi verði viðkomandi óvinnufær í a.m.k. 21 dag. Þessar greiðslur eru ekki greiddar lengur en í 52 vikur á hverjum 24 mánuðum, þó með vissum undantekningum. Greiddir eru fullir dagpeningar falli heilsdags launuð vinna niður en hálfir dagpeningar falli a.m.k. hálfisdags launuð vinna niður. Auk þessara greiðslna eru greiddar viðbótarbætur vegna barna.

Rammi 1. Slysadagpeningar eru greiddir frá og með áttunda degi eftir að bótaskyld slys á sér stað hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst tíu daga. Þeir dagpeningar greiðast að jafnaði ekki lengur en í 52 vikur. Auk þeirra eru greiddar viðbótarbætur vegna barna, einnig dánarbætur ef slys leiðir til andláts innan tveggja ára og þá bætur til ekkju/ekkils og barnalífeyrir ef börn voru á framfæri þess látna. Reynist viðkomandi bera varanlegt mein af slysi sínu skal örorka hans metin og örorkustyrkur greiddur að lokinni greiðslu slysadagpeninga.

Á árinu 2008 voru greiðslur sjúkradagpeninga hins opinbera velferðarkerfis um 203 milljónir króna eða 0,014% af landsframleiðslu. Ljóst er af þessu að langstærsti hluti fjárgreiðslna vegna veikinda er utan hins opinbera velferðarkerfis enda er í flestum kjarasamningum tryggð viss réttindi ef veikindi koma upp. Atvinnurekendur greiða þá starfsmönnum laun í veikindum eftir ákveðnum reglum. Þessi réttindi vissra starfshópa geta numið allt að einu ári.

Sjúklingabætur námu 91 milljón króna 2008, en þær eru greiddar sjúklingum sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsóknir eða sjúkdómsmeðferð á heilbrigðisstofnunum hér á landi. Þjónusta hins opinbera vegna slysa og veikinda er fyrst og fremst í formi umsýslukostnaðar við þessar bótatryggingar, en sá kostnaður nam 88,5 milljónum króna 2008.

3.2 Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar

Opinber útgjöld til öryrkja og fatlaðra námu um 35 milljörðum króna 2008 eða um 2,4% af landsframleiðslu

Önnur stoð velferðarkerfis hins opinbera er fjárstuðningur og þjónusta við öryrkja og fatlaða. Árið 2008 námu útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks 34,9 milljörðum króna eða sem nemur 2,4% af landsframleiðslu. Þar af var fjárstuðningur (tekjutilfærslur) við öryrkja og fatlaða 67%, en samneyslan (þjónustan) um 31%. Örorkulífeyrisgreiðslur (þ.e. grunnlífeyrir og tekjutrygging) er umfangsmesti útgjaldaliðurinn, en 17,2 milljarðar króna eða 1,2% af landsframleiðslu voru greiddar út árið 2008. Veruleg útgjaldaaukning hefur orðið á þessu sviði af hálfu hins opinbera undanfarin áratug, en árið 1998 námu þessar greiðslur 3,5 milljörðum króna eða 0,6% af landsframleiðslu. Á tímabilinu jókst fjöldi örorkulífeyrisþega um 76,7% eða úr um 8 þúsund í ríflega 14 þúsund á sama tíma og fólksfjölgunin nam 17,3%.

Tafla 3. Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar

Table 3. The general government expenditure on disability¹

Millj. kr. Million ISK	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Útgjöld vegna örorku	9.379	12.689	14.938	18.148	20.745	22.320	24.813	28.348	34.924
1. Örorkulífeyrir, grunnlífeyrir	1.475	1.981	2.533	2.780	4.169	4.526	5.042	5.475	6.188
2. Örorkulífeyrir, tekjutrygging	2.008	3.648	3.999	5.747	5.813	6.359	6.993	8.258	10.999
3. Örorkustyrkur og vasapen.	227	144	129	126	196	210	202	197	220
4. Barnalífeyrir v/örorku og fötl.	723	949	1.311	1.485	1.691	1.787	1.913	2.013	2.256
5. Endurhæfingarlífeyrir	145	268	394	558	784	796	918	1.092	1.585
6. Heimilisuppbót	371	548	626	707	780	844	919	1.011	1.242
7. Aðrar bætur v/örorku og fötl.	669	792	880	1.104	1.046	948	913	1.166	1.245
8. Þjónusta vegna fötlunar	3.325	4.136	4.917	5.465	6.070	6.675	7.531	8.839	10.677
9. Fjárfesting vegna fötlunar	435	224	150	176	195	176	381	296	513

¹ The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

Rétt til örorkulífeyris frá almannatryggingum eiga þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi og eru á aldrinum 16 til 67 ára og hafa verið metnir með a.m.k. 75% örorku til langframa. Fjárhæðir slíkra greiðslna eru mjög háðar aðstæðum og tekjum hvers og eins. *Grunnlífeyris* nýtur yfirgnæfandi meirihluti lífeyrisþega, en hann skerðist þó ef launatekjur lífeyrisþegans fara yfir ákveðin tekjumörk. Til viðbótar getur lífeyrisþeginn notið *tekjutryggingar* sem einnig skerðist af launatekjum. Búi lífeyrisþegi þar að auki einn á hann rétt á *heimilisuppbót* sem skerðist með sama hætti og tekjutryggingin. Njóti lífeyrisþegi sem býr einn auk þess sáralítilla tekna annarra en greiðslna frá opinberum aðilum á hann rétt á *sérstakri heimilisuppbót*, sem þá skerðist með svipuðum hætti og aðrar greiðslur. En hér er þó ekki allt talið því greiða má maka lífeyrisþega *makabætur* ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þá greiðast *barnabætur* með börnum lífeyrisþegans yngri en 18 ára.

Veruleg aukning hefur einnig verið á greiðslu barnalífeyris og heimilisuppbótar vegna örorku, en til þessara liða runnu 3,5 milljarðar króna eða 0,24% af landsframleiðslu árið 2008. Samsvarandi fjárhæð árið 1998 var 1,1 milljarður króna eða 0,19% af landsframleiðslu. Þá hafa útgjöld vegna endurhæfingarlífeyris vaxið

umtalsvert á undanförunum árum en þau námu um 1,6 milljörðum króna árið 2008. Heimilt er að greiða slíkan lífeyri þegar ekki verður séð hver varanleg örorka verður eftir sjúkdóma eða slys.

Velferðarþjónusta hins opinbera við fatlaða er margþætt. Um málefni þeirra segir í lögum að fatlaðir skuli tryggð jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og sköpuð skilyrði til að lifa eðlilegu lífi. Auk allrar almennrar þjónustu hins opinbera er þeim boðið upp á *stoðþjónustu* sem gerir þeim kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra. Hún eflir möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilishalds, atvinnu, endurhæfingar og félagslegs samneytis. Einnig er fötluðum boðið upp á *stofnanarþjónustu* sem kemur til móts við sértækar þarfir þeirra. Í því skyni eru starfræktar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, dagvistarstofnanir, verndaðir vinnustaðir og möguleikar eru á skammtíavistun. *Búsetuþjónustan* gefur þeim kost á búsetu í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er. Í boði eru félagslegar íbúðir, verndaðar íbúðir, sambýli, vistheimili og heimili fyrir börn. Á vegum ríkisins er einnig starfrækt Greiningar- og ráðgjafarstöð sem sinnir margþættum verkefnum er snúa að málefnum fatlaðra eins og heitið bendir til.

Á árinu 2008 ráðstafaði hið opinbera 10,7 milljörðum króna til þjónustu við fatlaða eða sem svarar til 0,43% af landsframleiðslu og um 31% af heildarútgjöldum til þess málaflokks. Árið 2008 bjuggu 766 einstaklingar á sambýlum, vistheimilum og heimilum fyrir börn og frekari liðveislunutu 363 einstaklingar.

3.3 Útgjöld hins opinbera vegna öldrunar

Opinber útgjöld vegna aldraðra námu rúmlega 33 milljörðum króna 2008 eða um 2,2% af landsframleiðslu

Þriðja stoð velferðarkerfis hins opinbera er fjárstuðningur og þjónusta við aldraða. Árið 2008 námu útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks rúmlega 33 milljörðum króna eða sem nemur 2,24% af landsframleiðslu. Þar af voru rúmlega 85% útgjaldanna fjárstuðningur eða tekjutilfærslur til aldraðra en aftur um 15% þjónusta við þann hóp. Ellilífeyrisgreiðslur (þ.e. grunnlífeyrir og tekjutrygging) er langumfangsmesti útgjaldaliðurinn, en 23 milljarðar króna eða um 1,6% af landsframleiðslu voru greiddar út árið 2008. Nokkur lækkun útgjalda hefur orðið á þessu sviði undanfarinn áratug, en árið 1998 námu þessar greiðslur 10,2 milljörðum króna eða ríflega 1,7% af landsframleiðslu. Útgjaldalækkunin skýrist fyrst og fremst af kerfisbreytingu árið 2002 en þá hófu almannatryggingar að greiða öldrunarheimilum beint fyrir þjónustu skjólstaðinga sinna sem hafði verið óheimilt áður. Slíkar beinar greiðslur til öldrunarheimila flokkast sem kaup hins opinbera á þjónustu. Á tímabilinu sem er til umfjöllunar jókst fjöldi ellilífeyrisþega um 14,5% eða úr 24.382 í 27.925 á sama tíma og fólksfjöldgunin nam 17,3.

Rétt til ellilífeyris frá almannatryggingum eiga þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi og eru 67 ára og eldri. Fjárhæð ellilífeyris er mjög háð aðstæðum og tekjum hvers og eins. Í flestum tilfellum gilda sömu skilyrði eða reglur varðandi ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Frávik er þó réttur til greiðslna *barnabóta* með börnum ellilífeyrisþega yngri en 18 ára sem ekki er skýlaus eins og varðandi börn örorkulífeyrisþega.

Útgjöld hins opinbera vegna heimilisuppbótar aldraðra og annarra bótagreiðslna námu 3,7 milljörðum króna 2008 eða 0,25% af landsframleiðslu. Þessir útgjaldaliðir hafað lækkað frá 1998 er þeir námu 2,7 milljörðum króna eða sem svarar til 0,47% af landsframleiðslu.

Tafla 4. Útgjöld hins opinbera vegna öldrunarTable 4. *The general government expenditure due to old age*¹

Millj. kr. Million ISK	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Útgjöld vegna öldrunar	14.896	16.502	19.452	21.826	23.911	27.273	25.765	29.133	33.114
1. Ellilífeyrir, grunnlífeyrir	4.402	5.170	6.277	6.596	6.722	6.927	7.426	7.902	8.661
2. Ellilífeyrir, tekjutrygging	5.846	6.507	7.850	9.249	10.213	10.576	10.999	13.367	14.456
3. Vasapeningar og uppbætur	57	46	39	33	310	307	302	379	392
4. Barnalífeyrir v/öldrunar	8	12	12	11	13	12	17	15	17
5. Heimilisuppbót aldraða	1.216	1.275	1.339	1.400	1.459	1.481	1.472	1.465	1.517
6. Aðrar bætur aldraða	1.520	1.774	2.314	2.519	1.282	1.254	1.294	1.430	1.766
7. Þjónusta við aldraða	1.848	1.717	1.622	2.020	3.911	6.714	4.254	4.576	6.305

¹ The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

Velferðarkerfi aldraða er ekki einungis í formi tekjutilfærslna því opinberir aðilar koma einnig að margvíslegri öldrunarþjónustu sem flokka má annars vegar sem *opna þjónustu* og hins vegar sem *stofnanaþjónustu*. Með opinni þjónustu, s.s. heimaþjónustu og þjónustumiðstöðvum, er öldruðum auðveldað að dveljast sem lengst í heimahúsum.¹ Stofnanaþjónusta er veitt í sérhönnuðu þjónustuhúsnæði – íbúðum eða dvalarheimilum – sem er sniðið að þörfum aldraða sem ekki eru færir um að annast heimilishald sjálfir.

Fjármögnun á öldrunarþjónustunni og rekstur er mismunandi eftir eðli hennar. Félagleg heimaþjónusta og þjónustumiðstöðvar eru reknar af sveitarfélögum en hluti kostnaðarins er greiddur með þjónustugjöldum.² Dagvistun aldraða er að mestu greidd með daggjöldum Tryggingastofnunar ríkisins en einnig með þjónustugjöldum sem nema að hámarki grunnlífeyri vistþegans. Rekstur dvalarheimila er greiddur að hluta með grunnlífeyri vistmanna, tekjutryggingu og öðrum tekjum þeirra en til viðbótar greiðir Tryggingastofnun sérstaka dvalarheimilisuppbót. Til uppbyggingar þjónustumiðstöðva, dagvista og þjónustuhúsnæðis aldraða rennur meðal annars fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraða.

Í töflu 4 eru bein útgjöld hins opinbera til öldrunarþjónustu sýnd. Inni í þeim útgjöldum eru hvorki óbeinar greiðslur Tryggingastofnunar eins og grunnlífeyrir, tekjutrygging eða dvalarheimilisuppbætur sem runnið gætu til dvalarheimila aldraða ef svo ber undir né heldur greiðslur hennar vegna hjúkrunarrýma sem teljast til heilbrigðismála. Ljóst er að bein útgjöld hins opinbera til þessa mála-flokks hafa breyst nokkuð milli ára og vegur þar þungt áhersla sveitarfélaganna á uppbyggingu íbúða fyrir aldraða.

Á árinu 2007 var fjöldi þjónusturýma á dvalarheimilum í landinu 748 og fjöldi hjúkrunarrýma á dvalar- og hjúkrunarheimilum 2.138. Samtals eru til um 11 þjónustu- og hjúkrunarrýma á hverja 100 íbúa sem náð hafa 70 ára aldri. Útgjöld hins opinbera vegna þjónustu við aldraða námu um 6,3 milljörðum króna árið 2008 eða sem svarar til 0,43% af landsframleiðslu.

¹ Sérhannaðar sjálfseignaríbúðir og leigu- og búseturéttaríbúðir fyrir aldraða teljast til opinnar öldrunarþjónustu og greiða íbúar þeirra sjálfir fyrir þá þjónustu sem þar er í boði.

² Greiðslufyrirkomulagið er mismunandi eftir sveitarfélögum sem er heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, sem bundin er ákveðnum skilyrðum.

3.4 Útgjöld hins opinbera vegna eftirlifenda

Opinber útgjöld til eftirlifenda námu 288 milljónum króna 2008

Undir þetta svið velferðarkerfisins falla útgjöld hins opinbera við eftirlifendur, bæði fjárstuðningur og þjónusta. Stuðningur hins opinbera er fyrst og fremst í formi fjárstuðnings, en dánabætur námu 57 milljónum króna 2008 og barnalífeyrir vegna andláts foreldris um 231 milljón króna.

Tafla 5. Útgjöld hins opinbera vegna eftirlifenda

Table 5. The general government expenditure on survivors¹

Millj. kr. Million ISK	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Útgjöld vegna eftirlifenda	208,7	207,2	231,2	235,5	237,8	258,0	233,8	255,8	287,8
1. Dánarbætur	69,5	57,5	57,0	48,8	44,8	45,9	44,6	49,9	57,1
2. Barnalífeyrir v/andláts foreldris	139,1	149,7	174,2	186,7	193,0	212,1	189,2	205,9	230,7

¹ The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

3.5 Útgjöld hins opinbera vegna fjölskyldna og barna

Velferðarkerfi hins opinbera veitir fjölskyldum og börnum ýmsan stuðning í formi tekjutilfærslna og veittrar þjónustu, en þann stuðning má flokka niður með þeim hætti sem fram kemur í töflu 6 og töflu 19.

Tafla 6. Útgjöld hins opinbera vegna fjölskyldna og barna

Table 6. The general government expenditure on families and children¹

Millj. kr. Million ISK	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Útgjöld vegna fjölsk. og barna	10.548	12.056	19.915	22.712	24.337	25.207	29.248	33.659	37.571
1. Fæðingarorlof (-styrkir)	1.434	1.638	4.548	5.581	6.626	6.594	6.854	8.014	9.539
2. Umönnunar- og makabætur	570	742	875	960	977	1.046	1.107	1.298	1.515
3. Barnalífeyrir	27	27	33	33	35	35	41	44	58
4. Mæðra- og feðralaun	193	219	268	284	291	300	290	303	314
5. Meðlög	594	623	852	1.018	814	677	638	783	974
6. Barnabætur	4.167	3.702	4.756	5.357	5.440	5.374	6.371	7.887	8.875
7. Aðrar tekjutilfærslur	87	92	126	144	50	55	66	91	95
8. Þjónusta við fjölsk. og börn	2.769	4.156	7.928	8.940	9.545	10.391	12.805	14.147	15.109
9. Önnur útgj. v/ fjölsk. og barna	706	858	531	394	558	733	1.076	1.090	1.093

¹ The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

Opinber útgjöld til fjölskyldna og barna námu 37,6 milljörðum króna 2008 eða um 2,5% af landsframleiðslu

Á árinu 2008 nam stuðningur hins opinbera við fjölskyldur og börn 37,6 milljörðum króna eða sem svarar til 2,5% af landsframleiðslu. Þar af námu tekjutilfærslur 21,4 milljörðum króna en veitt þjónusta 15,1 milljarði króna. Velferðarkerfi hins opinbera stendur ekki eitt að stuðningi við fjölskyldur og börn. Í samfélaginu eru einnig fjölmörg samtök sem leggja til þessara mála. Þá eru ýmis réttindi fastbundin í kjarasamningum sem efla þennan stuðning. Í eftirfarandi texta verður stuttlega fjallað um tekjutilfærslur hins opinbera til fjölskyldna og barna og sömuleiðis um þjónustu við þessa aðila.

3.5.1 Fæðingarorlof

Velferðarkerfið styður við bakið á fjölskyldum vegna barnsfæðinga, frumættleiðinga eða töku barns í varanlegt föstur. Hvort foreldri fyrir sig fær fjárstuðning í formi fæðingarorlofs í þrjá mánuði og auk þess sameiginlegan rétt á fæðingarorlofi í þrjá mánuði til viðbótar. Séu foreldrar utan vinnumarkaðar eiga þau sömu réttindi

í formi fæðingarstyrks. Foreldrar geta því sameiginlega notið níu mánaða fjárstuðnings frá hinu opinbera vegna fæðingarorlofs.

Árið 2008 námu greiðslur vegna fæðingarorlofs rúmlega 9,5 milljörðum króna eða sem svarar til 0,65% af landsframleiðslu og hefur það hlutfall hækkað verulega frá 1998 er það mældist 0,24% af landsframleiðslu. Sömuleiðis hefur kaupmáttur þessara greiðslna hækkað umtalsvert, en þær námu 29,9 þúsund krónum á hvert manns barn árið 2008 samanborið við 10,1 þúsund krónur árið 1998 á verðlagi 2008.

3.5.2 Barnabætur

Stuðningur við barnafjölskyldur með barnabótum hefur verið með margvíslegum hætti. Í fyrstu til að skapa réttláta skattbyrði, þ.e.a.s. að við álagningu tekjuskatts væri tekið tillit til fjölskyldustærðar; meiri neysluþarfar vegna hennar. Barnabætur gegndu því hlutverki að jafna skattbyrðina. Árið 1985 varð sú breyting á að farið var að tekju- og eignatengja hluta barnabóta með svokölluðum barnabótaauka og árið 1998 voru barnabæturnar tekju- og eignatengdar að fullu. Hlutverk þeirra hefur því breyst úr því að vera tæki til skattajöfnunar í tæki til að styðja við tekju- og eignaminni barnafjölskyldur.

Á árinu 2008 námu barnabæturnar um 8,9 milljörðum króna eða 0,60% af landsframleiðslu. Í hlutfalli við landsframleiðslu hafa þær farið lækkanði á þessum áratug en í byrjun hans mældust þær 0,71% af landsframleiðslu. Svipað er að segja um þróun þeirra á föstu verði á mann eins og lesa má úr töflu 19.

3.5.3 Umönnunar- og makabætur

Hið opinbera styður við framfærendur fatlaðra og langveikra barna sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi og þurfa sérstaka umönnun eða gæslu. Sömuleiðis styður það við maka elli- og örorkulífeyrisþega ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Á árinu 2008 nam þessi stuðningur hins opinbera 1,5 milljörðum króna.

3.5.4 Mæðra- og feðralaun

Einstæðir foreldrar með tvö börn eða fleiri á framfæri njóta sérstaks stuðnings í velferðarkerfinu sem mæðra- og feðralaun uppfylli þeir ákveðin skilyrði. Árið 2008 námu þessar greiðslur 314 milljónum króna, en hlutur þeirra í velferðarkerfinu hefur farið lækkanði á síðustu árum.

3.5.5 Meðlög

Meðlagsgreiðslur teljast ekki með velferðarkerfi hins opinbera þar sem hér er fyrst og fremst um greiðsluskyldu að ræða milli fráskyldra foreldra barns. Velferðarkerfið annast hins vegar útborgun meðlaga. Fjármögnunin kemur því að mestu frá öðru foreldri barnsins eða ríkissjóði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Standi foreldrið hins vegar ekki í skilum kemur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga til skjalanna. Á árinu 2005 námu útgjöld Jöfnunarsjóðsins og almannatrygginga vegna meðlaga 974 milljónum króna eða sem svarar til rúmlega 0,07% af landsframleiðslu.

3.5.6 Þjónusta við fjölskyldur og börn

Hið opinbera rekur eða kaupir umfangsmikla velferðarþjónustu fyrir yngstu börnin. Um 18,3 þúsund börn eða næstum rúmlega sjö af hverjum 10 á aldrinum 0 til 5 ára njóta dagvistunar í einhverju formi, annaðhvort á leikskólum eða hjá dagmæðrum. Árið 2008 voru 275 leikskólar starfræktir í landinu og er fjöldi stöðugilda á þeim 4.761. Þá eru starfandi um fjögur hundruð dagmæður. Einnig rekur hið opinbera velferðarþjónustu fyrir börn og unglinga sem eiga við erfiðleika að etja, s.s. vegna

áfengis- og vímuefnanotkunar. Í þessu skyni eru rekin heimili fyrir börn og ungl-
inga og einnig meðferðarstöðvar.

Tafla 7. Dagvistun barna

Table 7. Day care for children¹

Fjöldi Number	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi barna í dagvistun í þúsundum	15,1	14,6	16,3	16,8	16,9	17,2	17,6	18,3
Hlutdeild af aldursflokki 0 til 5 ára	56,7	55,8	63,1	66,4	67,0	68,4	69,1	71,5
Fjöldi dagvistunarheimila	249	253	262	262	262	267	271	275
Fjöldi stöðugilda í dagvistun	2.780	2.985	3.578	3.872	3.935	4.201	4.368	4.761
Fjöldi dagmæðra	453	530	448	372	380	389	427	...

¹ The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

Útgjöld hins opinbera vegna þjónustu við börn og unglunga námu 15,1 milljarði króna eða sem svarar til 1,0% af landsframleiðslu árið 2008, en það er um 40% af útgjöldum hins opinbera vegna málefna fjölskyldna og barna.¹ Dagvistun barna er að mestu í höndum sveitarfélaga, en 92,4% af þjónustu hins opinbera við börn og unglunga er í höndum þeirra. Á árinu 2008 runnu um 11,3 milljarðar króna til dagvistunar barna, 459 milljónir til félagslegrar heimaþjónustu og 1,4 milljarðar króna til annarra þjónustu við börn og unglunga. Þjónusta ríkissjóðs snýr fremur að málefnum unglunga.

Útgjöld vegna þjónustu hins opinbera á þessu sviði hafa vaxið nokkuð á þessum áratug eins og lesa má úr töflu 6 og töflu 19. Á föstu verði m.v. vísitölu neysluverðs hafa þau vaxið um 57% á þessu tímabili og á mælikvarða landsframleiðslunnar um 0,2 prósentustig.

3.6 Útgjöld hins opinbera vegna atvinnuleysis

Opinber útgjöld vegna atvinnuleysis voru 5,4 milljarðar króna 2008 eða um 0,37% af landsframleiðslu

Velferðarkerfi hins opinbera grípur inn í ef til atvinnuleysis kemur og greiðir bætur til atvinnulausra sem uppfylla ákveðin skilyrði (sjá ramma 2). Á árunum 2002-2004 jókst atvinnuleysi verulega hér á landi og mældist hæst 3,4% af mannafla árið 2003, en fór síðan lækkandi en jókst aftur árið 2008 og nam 4,8% í árslok 2008. Árið 2008 námu útgjöld hins opinbera vegna atvinnuleysis 5,4 milljörðum króna eða 1,7% af landsframleiðslu. Fjöldi atvinnulausra mældist á fimmta þúsund árið 2003 og á áttunda þúsund í árslok 2008. Fyrir utan greiðslu atvinnuleysisbóta eru ýmis önnur verkefni sem hið opinbera annast tengd atvinnuleysi (sjá töflu 8).

Tafla 8. Útgjöld hins opinbera vegna atvinnuleysis

Table 8. The general government expenditure on unemployment¹

Millj. kr. Million ISK	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Útgjöld vegna atvinnuleysis	2.537	1.715	3.403	4.594	4.833	3.672	2.962	3.100	5.436
1. Atvinnuleysisbætur	2.284	1.316	2.784	3.927	4.135	3.041	2.283	2.347	4.642
2. Úrræði fyrir atvinnuleitendur	14	41	72	148	111	73	63	70	90
3. Styrkir úr starfsmannasjóði	58	61	61	67	68	63	69	63	70
4. Framlag til starfsmenntunar	0	0	58	53	140	115	120	125	15
5. Þjónusta við atvinnulausa	166	228	269	320	312	302	317	330	345
6. Sérstök verkefni og eignakaup	91	39	109	114	151	148	120	105	142
7. Önnur útgjöld v/atvinnuleysis	-74	31	50	-36	-85	-71	-8	60	133

¹ The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

¹ Hér eru einungis talin þau útgjöld sem flokkast undir almannatryggingar og velferðarmál. Fræðsluútgjöld flokkast til dæmis ekki hér.

Rammi 2. Atvinnuleysisbætur: Launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem verða atvinnulausir, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði uppfylli þeir ákveðin skilyrði, s.s. að vera orðnir 16 ára og yngri en 70 ára og að hafa á síðustu tólf mánuðum unnið samtals í a.m.k. 10 vikur miðað við fullt starf í tryggingagjaldskyldri vinnu. Hámarksbætur atvinnuleysistrygginga námu 4.431 krónum á dag á árinu 2008 og lágmarksbætur ¼ af þeirri fjárhæð. Hámarksbætur greiðast þeim sem hafa verið í fullu starfi síðustu tólf mánuði en sé því skilyrði ekki fullnægt lækka bæturnar í hlutfalli við starfstíma og starfshlutfall á síðustu tólf mánuðum þar til lágmarksbótarétti er náð, þ.e. við áður nefndar tíu vikur. Þá er bótatímabilið að hámarki fimm ár. Samkvæmt lögum frá 2006 geta einstaklingar sótt um tekjutengdar atvinnuleysisbætur fyrstu þrjá mánuðina í atvinnuleysi sem munu nema 70% af heildarlaunum á ákveðnu viðmiðunartímabili, en þó aldrei hærri en 220.729 kr. á mánuði (2:2008).

3.7 Útgjöld hins opinbera vegna húsnæðisaðstoðar

Ein af stoðum velferðarkerfis hins opinbera er húsnæðisaðstoð. Þannig hafa skattframteljendur um langt skeið notið ýmiss konar skattafsláttar vegna vaxtagreiðslna vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin afnota eða jafnvel beinna greiðslna í formi vaxtabóta. Núverandi vaxtabótakerfi var tekið upp árið 1990, en með upptöku þess varð stuðningur við öflun íbúðarhúsnæðis tekju- og eignatengdur. Á árinu 2008 námu vaxtabætur 7 milljörðum króna eða um 0,47% af landsframleiðslu. Í hlutfalli við landsframleiðslu náðu þær hámarki árið 2003 er þær mældust um 0,68% af landsframleiðslu. Svipað er að segja um þróun þeirra á föstu verði eins og lesa má úr töflu 21.

Af hálfu hins opinbera runnu 10 milljarðar króna til húsnæðisaðstoðar 2008 eða 0,68% af landsframleiðslu

Auk vaxtabóta ríkissjóðs veita sveitarfélögin ýmsa húsnæðisaðstoð, s.s. í formi húsaleigubóta og niðurgreiðslu á húsaleigu. Samtals námu útgjöld sveitarfélaga vegna þessa 3 milljörðum króna árið 2008 eða sem svarar til 0,2 af landsframleiðslu. Í heildina tekið námu útgjöld hins opinbera vegna húsnæðisaðstoðar 10 milljörðum króna 2008 og hefur stuðningur þess farið lækkandi á undanförunum árum að raunvirði eins og lesa má úr töflu 21, þó heldur hafi hann hækkað aftur árið 2008.

Tafla 9. Útgjöld hins opinbera vegna húsnæðisaðstoðar

Table 9. The general government expenditure on housing¹

Millj. kr. Million ISK	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Útgjöld vegna húsnæðisaðstoðar	4.480	5.055	6.950	7.799	7.702	7.713	7.486	7.925	10.044
1. Vaxtabætur	3.822	4.309	5.117	5.756	5.458	5.472	5.351	5.633	7.013
2. Útgjöld v/húsnæðisaðstoðar	657	747	1.833	2.043	2.245	2.241	2.135	2.292	3.031
2.1 Niðurgreidd húsaleiga	367	436	477	495	528	627	752
2.2 Húsaleigubætur	1.247	1.359	1.513	1.734	1.563	1.641	2.237
2.3 Varasjóður húsnæðismála	219	248	255	12	44	24	41

¹ The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

Rammi 3. Vaxtabætur: Árið 2008 gátu vaxtabætur aldrei orðið hærri en 156.290 krónur fyrir hvern einstakling. Þá gátu vaxtagjöld hans vegna öflunar húsnæðis ekki orðið hærri en 456.112 krónur. Við ákvörðun vaxtabóta skal draga frá vaxtagjöldunum fjárhæð sem svarar til 6% af tekjuskattstofni viðkomandi. Sömuleiðis skal skerða vaxtabætur hlutfallslega um þá eign einstaklings sem fer yfir 3.430.678 krónur uns vaxtabæturnar falla alveg niður við 60% hærri fjárhæð.

3.8 Önnur félagsleg aðstoð hins opinbera ót.a.s.

Önnur félagsleg aðstoð hins opinbera nær meðal annars til fjárstuðnings við einstaklinga sem eiga undir högg að sækja félagslega vegna t.d. fátækar eða erfiðra aðstæðna. Einnig fellur hér undir þjónusta við slíka einstaklinga, svo sem í formi

húsaskjól, fatnaðar og matar. Á árinu 2008 runnu 4,6 milljarðar króna til þessara málefna eða 0,31% af landsframleiðslu. Þar af var beinn fjárstuðningur við heimil-in 2,2 milljarðar króna.

Tafla 10. Önnur félagsleg aðstoð hins opinbera ót.a.s.

Table 10. The general government expenditure on social exclusion n.e.c.¹

Millj. kr. Million ISK	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Önnur félagsleg aðstoð	1.250	1.413	1.753	2.061	2.144	2.001	1.948	3.625	4.609
1. Tilfærslur til heimila	1.034	1.139	1.524	1.768	1.803	1.723	1.787	2.078	2.208
1.1 Fjárhagsaðstoð	1.191	1.414	1.547	1.395	1.378	1.420	1.621
1.2 Önnur félagsleg aðstoð	333	354	256	329	409	658	588
2. Lífeyrissjóður og eftirlaun	–	–	–	–	–	–	–	963	2.010
3. Önnur félagslega þjónusta	216	274	229	293	341	278	162	584	390

¹The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

3.9 Önnur útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála

Undir þennan málaflokk fellur ýmiss kostnaður vegna stjórnunar og skipulagningar velferðarmála. Sömuleiðis fjárstuðningur svo sem vegna náttúruhamfara og útgjöld sem ekki er hægt að flokka á önnur svið. Á árinu 2008 námu önnur útgjöld hins opinbera til velferðarmála 5 milljörðum króna eða sem svarar til 0,34% af landsframleiðslu. Þar af námu þjónustuútgjöldin rúmlega 3,7 milljörðum króna.

Tafla 11. Önnur útgjöld hins opinbera til velferðarmála ót.a.s.

Table 11. The general government expenditure on social protection n.e.c.¹

Í milljónum ISK In million ISK	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Önnur útgjöld til velferðarmála	1.529	2.337	3.412	3.719	3.207	3.760	3.772	4.633	5.020
1. Vinnusamningur öryrkja o.fl.	37	88	90	118	125	159	196	200	322
2. Tilfærslur vegna velferðarmála	32	211	828	1.205	527	682	490	860	718
3. Þjónusta vegna velferðarmála	1.425	2.027	2.342	2.238	2.403	2.763	3.002	3.399	3.739
4. Fjárfesting v/velferðarmála	34	11	153	159	152	155	84	175	241

¹The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

4. Útgjöld til félagsverndar á Íslandi

ESSPROS nær til allra útgjalda, bæði opinberra og einkaaðila, er lúta að félagsvernd

Hér að framan hefur áherslan legið á útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála samkvæmt COFOG-flokkun opinberra útgjalda. Í þessum hluta er kastljósinu hins vegar beint að útgjöldum vegna félagsverndar almennt hér á landi og er þá stuðst við ESSPROS-flokkunarkerfið. Samkvæmt því kerfi tekur félagsvernd til allra afskipta opinberra aðila og einkaaðila sem miða að því að létta byrðum af heimilum og einstaklingum vegna fjárhagslegrar íþyngingar eða tekjumissis. Eigin útgjöld heimila og einstaklinga til félagsverndar, s.s. í formi valfrjálsra trygginga, flokkast ekki með útgjöldum félagsverndar samkvæmt ESSPROS-flokkunarkerfinni.

Uppbygging ESSPROS er svipuð og COFOG-flokkunarinnar en verkefnasviðin eru þó viðtækari og ná til fleiri verkþátta og sömuleiðis til útgjalda einkaaðila. Stærsta frávikið er á sviði slysa og veikinda, en undir það verkefnasvið falla einnig heilbrigðismál í ESSPROS en í COFOG flokkast heilbrigðismál sem séryfirflokkur en ekki undir velferðarmál. Sömuleiðis flokkast í ESSPROS ýmis opinber útgjöld

vegna fristundarstarfsemi fjölskyldna og barna, sem í COFOG eru talin með íþróttá- og æskulýðsmálum en ekki velferðarmálum. Varðandi útgjöld einkaaðila má nefna mikinn þátt lífeyrissjóða í félagsvernd og sömuleiðis þátt vinnuveitenda vegna réttinda í kjarasamningum.

Tafla 12. Útgjöld til félagsverndar samkvæmt ESSPROS

Table 12. Expenditure on social protection (ESSPROS)¹

	Í milljörðum króna			Hlutfall af VLF			Innbyrðis hlutdeild		
	In billion ISK			Per cent of GDP			% breakdown		
	2006	2007	2008	2006	2007	2008	2006	2007	2008
Útgjöld til félagsverndar	246,7	280,4	325,6	21,12	21,54	22,05	100,0	100,0	100,0
1. Slys og veikindi	102,9	115,0	130,6	8,81	8,84	8,84	41,70	41,03	40,11
2. Örorka og fötlun	33,1	36,6	44,9	2,84	2,81	3,04	13,43	13,05	13,79
3. Öldrun	54,5	62,7	72,0	4,66	4,82	4,87	22,08	22,35	22,10
4. Eftirlifendur	4,7	6,8	7,5	0,41	0,52	0,51	1,92	2,42	2,30
5. Fjölskyldur og börn	32,5	37,4	43,3	2,78	2,87	2,93	13,17	13,34	13,30
6. Atvinnuleysi	3,0	3,1	5,4	0,25	0,24	0,37	1,20	1,11	1,67
7. Húsnæðisaðstoð	7,5	7,9	10,0	0,64	0,61	0,68	3,03	2,83	3,08
8. Félagsleg aðstoð ót.a.s.	6,0	7,6	8,5	0,51	0,59	0,58	2,42	2,72	2,62
9. Önnur velferðarútgjöld ót.a.s.	2,6	3,2	3,4	0,22	0,25	0,23	1,04	1,15	1,03


¹ The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

Útgjöld til félagsverndar 2008 námu 22,1% af landsframleiðslu eða 325,6 milljörðum króna

Hlutfall útgjalda til félagsverndar af vergri landsframleiðslu hefur verið notað í alþjóðlegum samanburði sem vísbending um velferðarstig samfélaga. Það er mikilvægt að hafa í huga að hlutfallið er háð bæði breytingum í landsframleiðslu og útgjöldum og er ekki mælikvarði á hagkvæmni velferðarkerfisins. Útgjöld til félagsverndar 2008 námu 325,6 milljörðum króna eða 22,1% af landsframleiðslu. Til samanburðar námu þessi útgjöld 21,6% af landsframleiðslu 2007 og 21,1% 2006 (sjá töflu 12).

Mynd 4. Útgjöld til félagsverndar eftir verkefnasviðum 2008

Figure 4. Social protection expenditure by functions 2008



Um 40% útgjalda til félagsverndar árið 2008 voru vegna slysa og veikinda (heilbrigðismála), en það svarar til ríflega 8,8% af landsframleiðslu. Til verkefna vegna öldrunar fóru rúmlega 22% útgjaldanna eða 4,9% af landsframleiðslu. Þá vega útgjöld vegna örorku og fötlunar og sömuleiðis fjölskyldna og barna þungt, en

ríflega 13% útgjaldanna runni til hvors verkefnasviðs eða 2,9% af landsframleiðslu. Til fyrrgreindra fjögurra verkefnasvið runnu um 89% heildarútgjalda til félagsverndar. Afgangurinn fór til eftirlifenda (2,3%), til atvinnuleysismála (1,7%), til húsnæðismála (3,1%), annarrar félagsaðstoðar (3,1%) og til annarra velferðarútgjalda eins og stjórnunar 1% (sjá mynd 4 og töflu 12).


Útgjöld til félagsverndar skiptist í tekjutilfærslur (49%) og þjónustu (51%)

Útgjöld á hverju verkefnasviði skiptast í tekjutilfærslur og þjónustu. Tekjutilfærslur eru beinar greiðslur í formi lífeyris eða bótagreiðslna. Hlutfall tekjutilfærslna af heildarútgjöldum til félagsverndar jókst lítillega á árunum 2006–2008 og nam rúmlega 49% árið 2008 (sjá töflu 24), en það svarar til um 160 milljarða króna. Af einstökum verkefnasviðum var hlutfall tilfærslna hæst til eftirlifenda eða 100%. Vegna atvinnuleysis voru tekjutilfærslur 89%, vegna aldraðra 91% og vegna ör-yrkja 74%.

Þjónusta hins opinbera eða samneysla getur bæði verið í formi beinnar þjónustu eða peningagreiðslna til kaupa á tiltekinni þjónustu. Dæmi um hina síðarnefndu eru endurgreiðslur á tannlæknakostnaði og húsaleigubætur. Hlutfall þjónustu af heildarútgjöldum til félagsverndar lækkaði lítillega á árunum 2006–2008 og nam um 51% árið 2008 (tafla 25), en það svarar til um 166 milljarða króna. Hlutfall þjónustu var hæst á sviði heilbrigðismála (slysa og veikinda) eða ríflega 82% af heildarútgjöldum til þess verkefnasviðs árið 2008. Vegna umfangs heilbrigðisþjónustunnar í útgjöldum til félagsverndar er þjónustan vegna hennar snar þáttur í velferðarþjónustunni hérlendis, en til hennar runnu 107,5 milljarðar króna. Þjónusta við fjölskyldur og börn var um 22 milljarðar króna árið 2008 eða rúmlega helmingur þeirra útgjalda sem runnu til þessara verkefna. Vegna örorku og fötlunar var þjónustan um 26% útgjaldanna og vegna öldrunar ríflega 9%.

Mynd 5. Útgjöld til félagsverndar á mann staðvart, verðlag 2008

Figure 5. Social protection expenditure per head at constant prices 2008



Útgjöld til félagsverndar nam rúmlega 1 milljón króna á mann árið 2008

Séu útgjöld til félagsverndar skoðuð á föstu verði sést að þau námu 1.020 þúsund krónum á mann árið 2008 samanborið við 957 þúsund krónur árið 2006 og hafa vaxið um 6,5% að raungildi á þessum tíma (sjá mynd 5). Þar af voru tekjutilfærslur félagsverndar 501 þúsund krónur á mann en þjónustan 519 þúsund krónur. Af einstökum verkefnasviðum runnu 409 þúsund krónur á mann til slysa og veikinda (heilbrigðismála), ríflega 225 þúsund krónur á mann til öldrunarmála og 136 þúsund krónur á mann til hvor tveggja örorku og fötlunar og fjölskyldna og barna. Þá voru útgjöld vegna húsnæðisaðstoðar ríflega 31 þúsund krónur á mann 2008 og


Heildarfjármögnun félagsverndar 2008 var 432,5 milljarðar króna og var sjóðssöfnun ársins 106,9 milljarðar króna

sömuleiðs útgjöld til annarrar félagslegrar aðstoðar. Til eftirlifenda runnu ríflega 23 þúsund krónur á manna og atvinnulausra 17 þúsund krónur á mann.

Árið 2008 var heildarfjármögnun félagsverndar 432,5 milljarðar króna eins og fram kemur í töflu 26. Þar af runnu 325,6 milljarðar króna til fjármögnunar félagsverndar ársins og afgangurinn 106,9 milljarðar til sjóðssöfnunar. Af heildarfjármögnun félagsverndar var hlutur ríkissjóðs 39,6% eða 171,4 milljarðar króna og hlutur sveitarfélaga 7,9% eða 34,2 milljarðar króna. Samtals er fjármögnun hins opinbera því 211,8 milljarðar króna eða 49% af heild. Hlutur atvinnurekenda í fjármögnuninni var 135,3 milljarðar króna 2008 eða 31,3% og framlag hinna tryggðu 8,6% af heilda eða 37,2 milljarðar króna. Önnur fjármögnun var 48,2 milljarðar króna eða 11,1% af heildarfjármögnun félagsverndar (sjá mynd 6).

Mynd 6. Fjármögnun útgjalda félagsverndar í milljörðum króna

Figure 6. Financing of social protection in billion ISK



Sá hluti fjármögnunar félagsverndar sem rann til tekjutilfærslna nam 266,8 milljörðum króna 2008. Um tveir fimmtu hlutar fjármögnunnar rann til sjóðssöfnunar eða 106,9 milljarðar króna og er þar einkum um að ræða sjóðssöfnun lífeyrissjóða. Hlutur atvinnurekenda í fjármögnun tekjutilfærslna 2008 var rúmlega helmingur hennar og er þar fyrst og fremst um að ræða tryggingagjöld, greiðslu launa í veikindum og greiðslur atvinnurekenda til lífeyrissjóða. Þess ber að geta að sambærilegar greiðslur ríkis og sveitarfélaga flokkast með greiðslum annarra atvinnurekenda.

Hið opinbera, þ.e. ríki (almannatryggingar) og sveitarfélög, stendur nánast alfarið undir fjármögnun á þjónustu hinna ýmsu verkefna félagsverndar, en á árinu 2008 runnu 165,7 milljarðar króna til þeirrar þjónustu. Hlutur ríkissjóðs hefur verið um 4/5 fjármögnunarinnar undanfarin ár en sveitarfélaga um 1/5. Ríkissjóður fjármagnaði 77,5% útgjaldanna árið 2008 en aftur 80,5% árið 2006. Hlutur sveitarfélaga í veittri þjónustu jókst úr 14% árið 2006 í rúmm 16% árið 2008. Á sama tíma var hlutur atvinnurekenda nánast óbreyttur milli ára, eða 0,6% á ári.

Stjórnunarkostnaður var rúmlega 1% af heildarútgjöldum til félagsverndar árin 2006–2008. Þar er um að ræða rekstrarkostnað stofnana, sjóða og annarrar stjórnsýslu. Nokkur vandi er að aðgreina stjórnunarkostnað félagsmálastofnana sveitarfélaga frá ráðgjafarþjónustu þeirra sem veldur því að hann er væntanlega vanmetinn en um leið eru önnur útgjöld félagsverndar ofmetin.

32% útgjalda hins opinbera renna til félagsverndar 2008

Árið 2008 fóru 32% útgjalda hins opinbera til félagsverndar en hlutur þeirra hafði lækkað úr 32,7% árið 2006. Á umræddu tímabili fór þáttur ríkissjóðs til þessara verkefna úr 40,4% í rúm 39,6% og sveitarfélaga úr 8,7% í tæp 7,9%.

5. Alþjóðlegur samanburður á félagsvernd

Gerður er samanburður á útgjöldum Norðurlanda til félagsverndar, og er þá stuðst við gögn sem unnin eru á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og af svokallaðri NOSOSCO-nefnd,¹ og lauslegur samanburður milli Íslands og ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.²

Helstu niðurstöður eru að Íslendingar verja lægri fjárhæðum til félagsverndar sem hlutfall af landsframleiðslu en hin Norðurlöndin. Að hluta á sá munur sér eðlilegar skýringar, s.s. vegna minna atvinnuleysis og hagstæðari aldursdreifingar hér á landi. Í samanburði við önnur lönd Evrópska efnahagssvæðisins er framlag Íslendinga til félagsverndar vel undir meðaltali þeirra 30 ríkja sem borin eru saman.

5.1 Samanburður á milli Norðurlanda

Gera verður víska fyrirvara í samanburði milli landa þar sem samanburðarefnið er oft ekki skilgreint nákvæmlega eins. Forsendur, skilyrði og áherslur í ríkjunum eru mismunandi sem getur haft áhrif á samanburðinn. Mikil vinna er því oft lögð í að draga fram séreinkenni og frávik einstakra ríkja til að auðvelda samanburð. Í NOSOSCO-skýrslunni um félagsvernd á Norðurlöndum er að finna ítarlegt efni á um þetta. Í eftirfarandi umfjöllun er að mestu stuðst við þá skýrslu.

Í töflu 13 er að finna yfirlit um útgjöld Norðurlanda til félagsverndar sem hlutfall af landsframleiðslu á einstökum verkefnasviðum á árinu 2006. Útgjöldin eru flokkuð í 8 undirflokkka eftir við ESSPROS flokkunarkerfinu.

Tafla 13. Útgjöld til félagsverndar sem hlutfall af VLF á Norðurlöndum

Table 13. Expenditure on social protection as % of GDP in Nordic countries¹

Árið 2006 Year 2006	Danmörk Denmark	Færeyjar Faroe Isl.	Finland Finland	Ísland Iceland	Noregur Norway	Svíþjóð Sweden
Félagsvernd alls	29,1	24,0	26,2	21,1	22,6	30,7
1. Slys og veikindi	6,3	6,8	6,9	8,8	7,4	8,0
2. Örorka og fötlun	4,3	3,8	3,3	2,8	4,2	4,6
3. Öldrun	11,0	7,5	9,0	4,7	6,8	11,7
4. Eftirlifendur	0,0	0,2	0,9	0,4	0,3	0,6
5. Fjölskyldur og börn	3,8	4,4	3,0	2,8	2,8	3,0
6. Atvinnuleysi	2,1	0,7	2,2	0,3	0,4	1,7
7. Húsnæðisaðstoð	0,7	0,0	0,3	0,6	0,1	0,5
9. Önnur velferðarútgjöld ót.a.s.	0,9	0,6	0,6	0,7	0,6	0,6

¹ The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.

Af norrænu ríkjunum ráðstafa Svíar mestu af landsframleiðslu til félagsverndar árið 2006

Fram kemur að hér á landi er varið til félagsverndar fjárhæð sem svarar til rúmlega 21% af landsframleiðslu. Samsvarandi fjárhæð í Svíþjóð er 30,7% af landsframleiðslu og í Danmörku rúmlega 29%. Norðmenn verja hins vegar 22,6% af sinni landsframleiðslu til félagsverndar og Færeyingar 24% og Finnar 26,3%. Séu einstök verkefnasvið innan félagsverndar milli Norðurlandanna borin saman kemur til

¹ Sjá: *Social Protection in the Nordic Countries 2006/07*, NOSOSCO 11:2008.

² Sjá: *European Social Statistics: Social Protection, Expenditure and Receipts, 2008*.

dæmis fram allnokkur munur á útgjöldum vegna slysa og veikinda (eða heilbrigðismála). Á Íslandi renna um 8,8% af landsframleiðslu til þessa verkefnasviðs og er það hlutfall hæst hér á landi, en lægst í Danmörku eða 6,3% af landsframleiðslu.

Í norrænum samanburði skera Íslendingar sig úr varðandi útgjöld til öldruna- og örorkumála

Ísland sker sig einnig úr vegna útgjalda til öldrunarmála og sömuleiðis vegna örorku og fötlunar. Um 4,7% af landsframleiðslu rennur til öldrunarmála hér á landi samanborið við 11,7% í Svíþjóð og 11% í Danmörku. Í Finnlandi er þessi útgjaldaliður 9% af landsframleiðslu, í Færeyjum 7,5% og í Noregi 6,8%. Til örorku og fötlunar er ráðstafað hér á landi 2,8% af landsframleiðslu samanborið við 4,6% í Svíþjóð, 4,3% í Danmörku og 4,2% í Noregi. Finnar og Færeyingar ráðstafa lítið lægri fjárhæð af landsframleiðslu en þó hærri en Íslendingar.

Ýmsar skýringar eru á þessum mikla mun milli landanna. Í fyrsta lagi er aldurdreifingin frábrugðin í þessum ríkjum. 11,6% Íslendinga er 65 ára og eldri á árinu 2006, 17,4% Svía, 16,5% Finna, 15,3% Dana og 14,6% Norðmanna. Ellilífeyrisgreiðslur hefjast við 67 ára aldur hér á landi en 65 ára aldur á hinum Norðurlöndunum. Einnig hefur sá möguleiki verið fyrir hendi annars staðar á Norðurlöndunum, í mismiklum mæli þó, að hefja töku lífeyris fyrr.

Varðandi örorkulífeyrisgreiðslur er fjöldi öryrkja í hlutfalli við fólksfjölda og fjárhæðir örorkubóta mismunandi milli landanna. Í Svíþjóð þáðu 10,3% þeirra sem eru á aldrinum 16 til 64 ára örorkubætur eða -lífeyrir í einhverju formi árið 2006. Í Noregi var þetta hlutfall 10,1%, í Finnlandi 7,8% og í Danmörku 5,4%. Hér á landi er samsvarandi hlutfall 6,8%. Lægst hlutfallið er í Færeyjum eða 4,4%.

Atvinnuleysi sker sig nokkuð úr í samanburði milli Norðurlanda. Á Íslandi og Noregi renna einungis 0,3–0,4% af landsframleiðslu til þessa verkefnasviðs, en í Danmörku og Finnlandi 2,1–2,2%. Í Svíþjóð er þessi fjárhæð 1,7% af landsframleiðslu.


Beinn samanburður á stuðningi við vinnumarkaðinn milli landa er afar erfður því efnahagsstefna og efnahagsumhverfi hvers ríkis ræður miklu um þörfina fyrir slíkan stuðning. Sömuleiðis hefur gerð vinnumarkaðsins og vinnumarkaðsstefna stjórnvalda verulega þýðingu. Þá eru reglur mjög mismunandi milli Norðurlanda varðandi réttindi til atvinnuleysisbóta, greiðslutilhögun og upphæð bótagreiðslna.

Árið 2007 var atvinnuleysið mest meðal Finna (6,9%) og Svía (6,2%), en lægst meðal Færeyinga eða 1,7%. Hér á landi var atvinnuleysið 2,3% á því ári, í Noregi 2,6% og í Danmörku 3,8%. Á evrusvæðinu var atvinnuleysið 7,4% að meðaltali árið 2007. Sé atvinnuþátttakan skoðuð á Norðurlöndunum kemur í ljós að hún er mest í Færeyjum eða 89% árið 2007 en næst mest hér á landi eða 85,7%. Minnst er hún í Finnlandi eða um 70%. Á hinum Norðurlöndunum er hún á bilinu 75,6–77,6% á árinu 2007.

5.2 Útgjöld til félagsverndar í löndum Evrópska efnahagsvæðisins

Á mynd 7 og töflu 28 eru útgjöld ríkja til félagsverndar á Evrópska efnahagsvæðinu borin saman sem hlutfall af landsframleiðslu. Í ljós kemur að Frakkar ráðstöfuðu mestu til þessa málefnis árið 2006 eða 31,1% af landsframleiðslu. Svíar og Belgar komu í kjölfarið einnig með yfir 30% af landsframleiðslu. Meðaltal EES ríkja var 26,9% af landsframleiðslu. Árið 2006 var hér á landi ráðstafað 21,1% af landsframleiðslu, en lægst voru framlögin í Litháen og Eistlandi eða um 12,3% af landsframleiðslu.


Mynd 7. Útgjöld til félagsverndar 2006 sem hlutfall af landsframleiðslu
Figure 7. Expenditure on social protection 2006 as per cent of GDP



Luxemborgarar verja mestu til félagsverndar með um 13 þúsund evrur á mann 2005

Séu áðurnefnd útgjöld borin sama milli landanna samkvæmt jafnvirðisgildi (PPP) verður annað upp á teningnum en fram kemur á mynd 7. Niðurstaða þess samanburðar má lesa af mynd 8 (töflu 28), en þar lenda Frakkar í níunda sæti með 8.200 evrur á mann en lang hæstir eru Lúxemborgarar með 13.458 evrur á mann og þar næst Norðmenn með 9.901 evru. Meðalfjárhæð EES ríkjanna er 6.349 evrur á árinu 2006. Íslendingar eru nokkuð yfir því meðaltali með 6.535 evru útgjöld á mann til félagsverndar.

Mynd 8. Útgjöld til félagsverndar á mann í evrum 2006, PPP mælt
Figure 8. Expenditure on social protection per head in EURO 2006, PPP measure



Í töflum 29 og 30 í töfluviðauka eru einstök verkefnasvið borin saman milli EES-ríkjanna, sem hluti af útgjöldum til félagsverndar alls og sem hlutfall af landsframleiðslu. Útgjöld vegna öldrunar er lang umfangsmesta verkefnasviðið en til þess fara að meðaltali 38,3% af útgjöldum til félagsverndar á svæðinu árið 2006. Sem hlutfall af landsframleiðslu er það 10,3% en 26,9% renna til félagsverndar að meðaltali á svæðinu. Annað stærsta verkefnið eru slys og veikindi (heilbrigðismál), en 27,9% af útgjöldum til félagsverndar að meðaltali renna til þess sviðs eða 7,5% af landsframleiðslu svæðisins. Til örorku og fötlunar renna 7,1% útgjaldanna eða 1,9% af landsframleiðslu að meðaltali og til fjölskyldna og barna 7,8% útgjaldanna

eða 2,1% af landsframleiðslu. Þá renna 1,6% af landsframleiðslu til eftirlifenda og og 1,4% til málefna atvinnulausra. Að síðustu fara 0,6% af landsframleiðslu til húsnæðisaðstoðar.

Ýmsa fyrirvara þarf að gera varðandi samanburð á félagsvernd milli ríkja

Ýmsa fyrirvara þarf að gera varðandi þær upplýsingar sem birtast í töflunum varðandi útgjöld til félagsverndar. Flestir fyrirvararnir varða mismunandi skilgreiningu og meðhöndlun upplýsinga meðal EES-ríkjanna.

Þótt vaxta- og barnabætur hafi í flestum EES-ríkjum ákveðinn félagslegan tilgang eru þær færðar mismunandi hátt í bókhaldi hins opinbera. Ástæðan er fyrst og fremst mismunandi greiðsluform þeirra. Fyrirkomulag þeirra getur verið með þrennum hætti: Í fyrsta lagi getur komið ákveðinn vaxta- og barnafrádráttur frá tekjum sem hefur í för með sér að skattstofninn verður lægri. Engar beinar greiðslur eru því til heimilanna vegna þessara félagslegu þátta. Í öðru lagi getur komið ákveðinn vaxta- og barnafjölskyldu frádráttur frá skatti sem lækkar skattgreiðslur en beinar greiðslur eru ekki til heimilanna. Að síðustu er kerfið hér á landi þar sem vaxta- og barnabætur eru greiddar út til heimilanna.

Í flestum EES-ríkjanna eru beinar greiðslur til heimilanna færðar sem útgjöld en frádráttur frá skatti er nettófærður, þ.e. kemur til lækkunar á tekjum hins opinbera. Í sumum EES-ríkjum eru því vaxta- og barnabætur nettófærðar (þ.e. lækka tekjur hins opinbera) en í öðrum brúttófærðar.

Í Danmörku og Svíþjóð hefur hjúkrunarþjónusta við aldraða verið flokkuð undir verkefnaflokkinn öldrun en ekki með heilbrigðismálum eins og í flestum EES-ríkjum. Mörkin milli velferðar- og heilbrigðisþjónustu eru nokkuð óskýr milli ríkja á þessu sviði og einnig meðhöndlun útgjalda þessara málaflokka.

English summary

The general government total expenditure on social protection increased considerably during the last quarter century or from 5.7% of GDP in the beginning of the eighties to 8.9% in 2008, which corresponds to 132 billion ISK in that year. The social protection expenditure has more than tripled in volume (220% increase) over the period compared with the price index of government final consumption and more than doubled (129% increase) when measured per capita. In 2008, spending per capita on social protection was 413 thousand ISK compared with 181 thousand ISK in the beginning of the eighties, at the 2008 price level.

In line with the COFOG classification, the general government expenditure on social protection can be broken down into nine sub-categories. In the largest category comprising families and children, 37.6 billion ISK or 2.5% of the GDP was spent in 2008; the increase between 2007 and 2008 was 4 billion ISK. On disability, 34.9 billion ISK was spent in 2008, an increase of 6.6 billion ISK from the previous year. The government social expenditure due to old age was 33.1 billion ISK in 2008, an increase of 4 billion ISK between the two years. The contribution due to unemployment was 5.4 billion ISK in 2008 and increased by 2.3 billion from 2007.

In this issue, expenditures on social protection, classified in line with the ESSPROS classification system, are also presented. According to ESSPROS, the social protection encompasses all interventions from both public and private bodies intended to relieve households and individuals of the burden of a defined set of risks or needs, provided that there is neither a simultaneous reciprocal nor an individual arrangement involved. The total expenditure on social protection defined in this way was 325.6 billion ISK in 2008 or 22.1% of GDP. About 40% of the expenditures in 2008 were on sickness and health care, which correspond to 8.8% of GDP, and 22% were due to old age or 4.9% of GDP. Around 13% of the expenditure was on disability and on families and children respectively or 2.9 % of GDP. Of the total expenditure on social protection, 89% went to the four sub-categories mentioned above.

A comparison of the social protection expenditure in the Nordic Countries and in the European Economic Area (EEA) can also be found in this issue. In 2006, Swedes spent 30.7% of GDP on social protection, Danes 29%, Norwegians 22.6%, the Faroese 24% and Finns 26.3%. In that year 21% of GDP was spent on social protection in Iceland or 247 billion ISK. In 2005, 27.3% of GDP was spent on social protection on average in the EEA countries.

Tafla 14. Útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála 1998–2008Table 14. *The general government expenditure on social protection 1998–2008*

Verðlag hvers árs, m.kr. <i>At current prices, million ISK</i>	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008
Velferðarútgjöld alls <i>Expenditure on social protection</i>	45.419	52.614	70.811	87.873	92.983	96.948	111.382	131.905
1 Slys og veikindi <i>Sickness and health care</i>	591	637	755	756	779	719	703	900
2 Örorka og fötlun <i>Disability</i>	9.379	12.689	14.938	20.745	22.320	24.813	28.348	34.924
3 Öldrun <i>Old age</i>	14.896	16.502	19.452	23.911	27.273	25.765	29.133	33.114
4 Eftirlifendur <i>Survivors</i>	209	207	231	238	258	234	256	288
5 Fjölskyldur og börn <i>Families and children</i>	10.548	12.057	19.915	24.337	25.207	29.248	33.659	37.571
6 Atvinnuleysi <i>Unemployment</i>	2.537	1.715	3.403	4.833	3.672	2.962	3.100	5.436
7 Húsnæðisaðstoð <i>Housing</i>	4.480	5.055	6.950	7.702	7.713	7.486	7.925	10.044
8 Félagsleg aðstoð ót.a.s. <i>Social exclusion n.e.c.</i>	1.250	1.413	1.753	2.144	2.001	1.948	3.625	4.609
9 Önnur velferðarútgjöld ót.a.s. <i>Social protection n.e.c.</i>	1.529	2.337	3.412	3.207	3.760	3.772	4.633	5.020
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>								
Velferðarútgjöld alls <i>Expenditure on social protection</i>	7,72	7,69	8,67	9,46	9,06	8,30	8,56	8,93
1 Slys og veikindi <i>Sickness and health care</i>	0,10	0,09	0,09	0,08	0,08	0,06	0,05	0,06
2 Örorka og fötlun <i>Disability</i>	1,59	1,86	1,83	2,23	2,17	2,12	2,18	2,37
3 Öldrun <i>Old age</i>	2,53	2,41	2,38	2,57	2,66	2,21	2,24	2,24
4 Eftirlifendur <i>Survivors</i>	0,04	0,03	0,03	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02
5 Fjölskyldur og börn <i>Families and children</i>	1,79	1,76	2,44	2,62	2,46	2,50	2,59	2,54
6 Atvinnuleysi <i>Unemployment</i>	0,43	0,25	0,42	0,52	0,36	0,25	0,24	0,37
7 Húsnæðisaðstoð <i>Housing</i>	0,76	0,74	0,85	0,83	0,75	0,64	0,61	0,68
8 Félagsleg aðstoð ót.a.s. <i>Social exclusion n.e.c.</i>	0,21	0,21	0,21	0,23	0,19	0,17	0,28	0,31
9 Önnur velferðarútgjöld ót.a.s. <i>Social protection n.e.c.</i>	0,26	0,34	0,42	0,35	0,37	0,32	0,36	0,34
Staðvirt á mann, þús. kr. á verðlagi 2008¹								
Per capita, at 2008 prices¹								
Velferðarútgjöld alls <i>Expenditure on social protection</i>	321,1	319,7	358,5	404,3	403,8	376,7	396,5	413,0
1 Slys og veikindi <i>Sickness and health care</i>	4,2	3,9	3,8	3,5	3,4	2,8	2,5	2,8
2 Örorka og fötlun <i>Disability</i>	66,3	77,1	75,6	95,5	96,9	96,4	100,9	109,4
3 Öldrun <i>Old age</i>	105,3	100,3	98,5	110,0	118,4	100,1	103,7	103,7
4 Eftirlifendur <i>Survivors</i>	1,5	1,3	1,2	1,1	1,1	0,9	0,9	0,9
5 Fjölskyldur og börn <i>Families and children</i>	74,6	73,3	100,8	112,0	109,5	113,6	119,8	117,6
6 Atvinnuleysi <i>Unemployment</i>	17,9	10,4	17,2	22,2	15,9	11,5	11,0	17,0
7 Húsnæðisaðstoð <i>Housing</i>	31,7	30,7	35,2	35,4	33,5	29,1	28,2	31,4
8 Félagsleg aðstoð ót.a.s. <i>Social exclusion n.e.c.</i>	8,8	8,6	8,9	9,9	8,7	7,6	12,9	14,4
9 Önnur velferðarútgjöld ót.a.s. <i>Social protection n.e.c.</i>	10,8	14,2	17,3	14,8	16,3	14,7	16,5	15,7

¹ Útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. *The general government expenditure on social protection deflated by prices of government final consumption.*

Tafla 15. Útgjöld hins opinbera vegna slysa og veikinda 1998–2008*Table 15. The general government expenditure on sickness 1998–2008¹*

Verðlag hvers árs, m.kr. <i>At current prices, million ISK</i>	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008
1. Útgjöld vegna veikinda <i>Expenditure on sickness</i>	591,3	636,9	754,5	756,1	779,2	718,9	702,9	900,0
1.1 Sjúkradagpeningar	188,2	218,5	212,5	194,0	178,2	180,8	190,1	202,7
1.2 Slysabætur	368,2	378,6	494,2	475,5	449,2	410,8	370,5	432,8
1.3 Sjúklingabætur	0,0	0,0	1,5	34,4	66,7	62,0	68,7	91,1
1.4 Foreldrar langveikra fatlaðra barna	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,9	84,9
1.5 Þjónusta vegna slysa og veikinda	34,9	39,8	46,3	52,2	85,1	65,3	69,8	88,5
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>								
1. Útgjöld vegna veikinda <i>Expenditure on sickness</i>	0,10	0,09	0,09	0,08	0,08	0,06	0,05	0,06
1.1 Sjúkradagpeningar	0,03	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02	0,01	0,01
1.2 Slysabætur	0,06	0,06	0,06	0,05	0,04	0,04	0,03	0,03
1.3 Sjúklingabætur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,01	0,01	0,01	0,01
1.4 Foreldrar langveikra fatlaðra barna	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,01
1.5 Þjónusta vegna slysa og veikinda	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01
Staðvirt á mann, þús. kr. á verlagi 2008²								
<i>Per capita, at 2008 prices²</i>								
1. Útgjöld vegna veikinda <i>Expenditure on sickness</i>	4,18	3,87	3,82	3,48	3,38	2,79	2,50	2,82
1.1 Sjúkradagpeningar	1,33	1,33	1,08	0,89	0,77	0,70	0,68	0,63
1.2 Slysabætur	2,60	2,30	2,50	2,19	1,95	1,60	1,32	1,36
1.3 Sjúklingabætur	0,00	0,00	0,01	0,16	0,29	0,24	0,24	0,29
1.4 Foreldrar langveikra fatlaðra barna	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,01	0,27
1.5 Þjónusta vegna slysa og veikinda	0,25	0,24	0,23	0,24	0,37	0,25	0,25	0,28

¹ *The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.*² *Útgjöld hins opinbera vegna slysa og veikinda staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. The general government expenditure on sickness deflated by prices of government final consumption.*

Tafla 16. Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar 1998–2008Table 16. *The general government expenditure on disability 1998–2008¹*

Verðlag hvers árs, m.kr. <i>At current prices, million ISK</i>	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008
2. Útgjöld vegna örorku <i>Expenditure on disability</i>	9.379	12.689	14.938	20.745	22.320	24.813	28.348	34.924
2.1 Örorkulífeyrir, grunnlífeyrir	1.475	1.981	2.533	4.169	4.526	5.042	5.475	6.188
2.2 Örorkulífeyrir, tekjutrygging	2.008	3.648	3.999	5.813	6.359	6.993	8.258	10.999
2.3 Örorkustyrkur og vasapeningar	227	144	129	196	210	202	197	220
2.4 Barnalífeyrir vegna örorku og fötlunar	723	949	1.311	1.691	1.787	1.913	2.013	2.256
2.5 Endurhæfingarlífeyrir	145	268	394	784	796	918	1.092	1.585
2.6 Heimilisuppbót	371	548	626	780	844	919	1.011	1.242
2.7 Aðrar bætur vegna örorku og fötlunar	669	792	880	1.046	948	913	1.166	1.245
2.8 Þjónusta vegna fötlunar	3.325	4.136	4.917	6.070	6.675	7.531	8.839	10.677
2.8.1 Þjónusta ríkissjóðs vegna fötlunar	2.505	2.930	3.920	4.775	5.358	6.111	7.011	8.039
2.8.2 Þjónusta sveitarfélaga vegna fötlunar	820	1.206	997	1.295	1.317	1.420	1.829	2.637
2.9 Fjárfesting hins opinbera vegna fötlunar	435	224	150	195	176	381	296	513
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>								
2. Útgjöld vegna örorku <i>Expenditure on disability</i>	1,59	1,86	1,83	2,23	2,17	2,12	2,18	2,37
2.1 Örorkulífeyrir, grunnlífeyrir	0,25	0,29	0,31	0,45	0,44	0,43	0,42	0,42
2.2 Örorkulífeyrir, tekjutrygging	0,34	0,53	0,49	0,63	0,62	0,60	0,63	0,74
2.3 Örorkustyrkur og vasapeningar	0,04	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,01
2.4 Barnalífeyrir vegna örorku og fötlunar	0,12	0,14	0,16	0,18	0,17	0,16	0,15	0,15
2.5 Endurhæfingarlífeyrir	0,02	0,04	0,05	0,08	0,08	0,08	0,08	0,11
2.6 Heimilisuppbót	0,06	0,08	0,08	0,08	0,08	0,08	0,08	0,08
2.7 Aðrar bætur vegna örorku og fötlunar	0,11	0,12	0,11	0,11	0,09	0,08	0,09	0,08
2.8 Þjónusta vegna fötlunar	0,57	0,60	0,60	0,65	0,65	0,64	0,68	0,72
2.8.1 Þjónusta ríkissjóðs vegna fötlunar	0,43	0,43	0,48	0,51	0,52	0,52	0,54	0,54
2.8.2 Þjónusta sveitarfélaga vegna fötlunar	0,14	0,18	0,12	0,14	0,13	0,12	0,14	0,18
2.9 Fjárfesting hins opinbera vegna fötlunar	0,07	0,03	0,02	0,02	0,02	0,03	0,02	0,03
Staðvirt á mann, þús. kr. á verðlagi 2008²								
<i>Per capita, at 2008 prices²</i>								
2. Útgjöld vegna örorku <i>Expenditure on disability</i>	66,3	77,1	75,6	95,5	96,9	96,4	100,9	109,4
2.1 Örorkulífeyrir, grunnlífeyrir	10,4	12,0	12,8	19,2	19,7	19,6	19,5	19,4
2.2 Örorkulífeyrir, tekjutrygging	14,2	22,2	20,2	26,7	27,6	27,2	29,4	34,4
2.3 Örorkustyrkur og vasapeningar	1,6	0,9	0,7	0,9	0,9	0,8	0,7	0,7
2.4 Barnalífeyrir vegna örorku og fötlunar	5,1	5,8	6,6	7,8	7,8	7,4	7,2	7,1
2.5 Endurhæfingarlífeyrir	1,0	1,6	2,0	3,6	3,5	3,6	3,9	5,0
2.6 Heimilisuppbót	2,6	3,3	3,2	3,6	3,7	3,6	3,6	3,9
2.7 Aðrar bætur vegna örorku og fötlunar	4,7	4,8	4,5	4,8	4,1	3,5	4,2	3,9
2.8 Þjónusta vegna fötlunar	23,5	25,1	24,9	27,9	29,0	29,3	31,5	33,4
2.8.1 Þjónusta ríkissjóðs vegna fötlunar	17,7	17,8	19,8	22,0	23,3	23,7	25,0	25,2
2.8.2 Þjónusta sveitarfélaga vegna fötlunar	5,8	7,3	5,0	6,0	5,7	5,5	6,5	8,3
2.9 Fjárfesting hins opinbera vegna fötlunar	3,1	1,4	0,8	0,9	0,8	1,5	1,1	1,6

¹ *The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.*² *Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar staðvirt með verðvísitölu samneyslnunnar. The general government expenditure on disability deflated by prices of government final consumption.*

Tafla 17. Útgjöld hins opinbera vegna öldrunar 1998–2008Table 17. *The general government expenditure on old age 1998–2008¹*

Verðlag hvers árs, í m.kr. <i>At current prices, in million ISK</i>	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008
3. Útgjöld vegna öldrunar <i>Expenditure on old age</i>	14.896	16.502	19.452	23.911	27.273	25.765	29.133	33.114
3.1 Ellilífeyrir, grunnlífeyrir	4.402	5.170	6.277	6.722	6.927	7.426	7.902	8.661
3.2 Ellilífeyrir, tekjutrygging	5.846	6.507	7.850	10.213	10.576	10.999	13.367	14.456
3.3 Vasapeningar og uppbætur vegna öldrunar	57	46	39	310	307	302	379	392
3.4 Barnalífeyrir vegna öldrunar	8	12	12	13	12	17	15	17
3.5 Heimilisuppbót aldraðra	1.216	1.275	1.339	1.459	1.481	1.472	1.465	1.517
3.6 Aðrar bætur vegna öldrunar	1.527	1.795	2.314	1.282	1.254	1.294	1.430	1.766
3.7 Þjónusta við aldraðra	1.841	1.696	1.622	3.911	6.714	4.254	4.576	6.305
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>								
3. Útgjöld vegna öldrunar <i>Expenditure on old age</i>	2,53	2,41	2,38	2,57	2,66	2,21	2,24	2,24
3.1 Ellilífeyrir, grunnlífeyrir	0,75	0,76	0,77	0,72	0,67	0,64	0,61	0,59
3.2 Ellilífeyrir, tekjutrygging	0,99	0,95	0,96	1,10	1,03	0,94	1,03	0,98
3.3 Vasapeningar og uppbætur vegna öldrunar	0,01	0,01	0,00	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03
3.4 Barnalífeyrir vegna öldrunar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
3.5 Heimilisuppbót aldraðra	0,21	0,19	0,16	0,16	0,14	0,13	0,11	0,10
3.6 Aðrar bætur vegna öldrunar	0,26	0,26	0,28	0,14	0,12	0,11	0,11	0,12
3.7 Þjónusta við aldraðra	0,31	0,25	0,20	0,42	0,65	0,36	0,35	0,43
Staðvirt á mann, þús. kr. á verðlagi 2008²								
<i>Per capita, at 2008 prices²</i>								
3. Útgjöld vegna öldrunar <i>Expenditure on old age</i>	105,3	100,3	98,5	110,0	118,4	100,1	103,7	103,7
3.1 Ellilífeyrir, grunnlífeyrir	31,12	31,42	31,78	30,93	30,08	28,85	28,13	27,12
3.2 Ellilífeyrir, tekjutrygging	41,33	39,54	39,74	47,00	45,93	42,74	47,59	45,27
3.3 Vasapeningar og uppbætur vegna öldrunar	0,40	0,28	0,20	1,43	1,34	1,17	1,35	1,23
3.4 Barnalífeyrir vegna öldrunar	0,05	0,08	0,06	0,06	0,05	0,07	0,05	0,05
3.5 Heimilisuppbót aldraðra	8,60	7,75	6,78	6,71	6,43	5,72	5,21	4,75
3.6 Aðrar bætur vegna öldrunar	10,80	10,91	11,72	5,90	5,45	5,03	5,09	5,53
3.7 Þjónusta við aldraðra	13,01	10,30	8,21	18,00	29,16	16,53	16,29	19,74

¹ *The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.*² Útgjöld hins opinbera vegna öldrunar staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. *The general government expenditure on old age deflated by prices of government final consumption.*

Tafla 18. Útgjöld hins opinbera vegna eftirlifenda 1998–2008*Table 18. The general government expenditure on survivors 1998–2008¹*

Verðlag hvers árs, í m.kr. <i>At current prices, in million ISK</i>	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008
4. Útgjöld vegna eftirlifenda <i>Expenditure on survivors</i>	208,7	207,2	231,2	237,8	258,0	233,8	255,8	287,8
4.1 Dánarbætur	69,5	57,5	57,0	44,8	45,9	44,6	49,9	57,1
4.2 Barnalífeyrir vegna andláts	139,1	149,7	174,2	193,0	212,1	189,2	205,9	230,7
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>								
4. Útgjöld vegna eftirlifenda <i>Expenditure on survivors</i>	0,035	0,030	0,028	0,026	0,025	0,020	0,020	0,019
4.1 Dánarbætur	0,012	0,008	0,007	0,005	0,004	0,004	0,004	0,004
4.2 Barnalífeyrir vegna andláts	0,024	0,022	0,021	0,021	0,021	0,016	0,016	0,016
Innbyrðis hlutdeild <i>Percentage breakdown</i>								
4. Útgjöld vegna eftirlifenda <i>Expenditure on survivors</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
4.1 Dánarbætur	33,3	27,8	24,7	18,8	17,8	19,1	19,5	19,8
4.2 Barnalífeyrir vegna andláts	66,7	72,2	75,3	81,2	82,2	80,9	80,5	80,2
Staðvirt á mann, þús. kr. á verðlagi 2008²								
<i>Per capita, at 2008 prices²</i>								
4. Útgjöld vegna eftirlifenda <i>Expenditure on survivors</i>	1,48	1,26	1,17	1,09	1,12	0,91	0,91	0,90
4.1 Dánarbætur	0,49	0,35	0,29	0,21	0,20	0,17	0,18	0,18
4.2 Barnalífeyrir vegna andláts	0,98	0,91	0,88	0,89	0,92	0,74	0,73	0,72

¹ *The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 40.*² *Útgjöld hins opinbera vegna eftirlifenda staðvirt með verðvísitölu samneyslnunnar. The general government expenditure on survivors deflated by prices of government final consumption.*

Tafla 19. Útgjöld hins opinbera vegna fjölskyldna og barna 1998–2008Table 19. *The general government expenditure on families and children 1998–2008¹*

Verðlag hvers árs, m.kr. <i>At current prices, million ISK</i>	1998	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008
5. Fjölskyldur og börn <i>Families and children</i>	10.548	12.057	19.915	24.337	25.207	29.248	33.659	37.571
5.1 Fæðingarorlof (og –styrkur)	1.434	1.638	4.548	6.626	6.594	6.854	8.014	9.539
5.2 Umönnunar- og makabætur	570	742	875	977	1.046	1.107	1.298	1.515
5.3 Barnalífeyrir	27	27	33	35	35	41	44	58
5.4 Mæðra og feðralaun	193	219	268	291	300	290	303	314
5.5 Meðlag	594	623	852	814	677	638	783	974
5.6 Barnabætur	4.167	3.702	4.756	5.440	5.374	6.371	7.887	8.875
5.7 Aðrar tilfærslur til fjölskyldna og barna	87	92	126	50	55	66	91	95
5.8 Þjónusta við fjölskyldur og börn	2.769	4.156	7.928	9.545	10.391	12.805	14.147	15.109
- þ.a. leikskólaþjónusta fyrir yngstu börnin	5.321	6.037	6.807	8.553	9.385	10.838
5.9 Önnur útgjöld vegna fjölskyldna og barna	707	859	531	558	733	1.076	1.090	1.093
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>								
5. Fjölskyldur og börn <i>Families and children</i>	1,79	1,76	2,44	2,62	2,46	2,50	2,59	2,54
5.1 Fæðingarorlof (og –styrkur)	0,24	0,24	0,56	0,71	0,64	0,59	0,62	0,65
5.2 Umönnunar- og makabætur	0,10	0,11	0,11	0,11	0,10	0,09	0,10	0,10
5.3 Barnalífeyrir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
5.4 Mæðra og feðralaun	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02
5.5 Meðlag	0,10	0,09	0,10	0,09	0,07	0,05	0,06	0,07
5.6 Barnabætur	0,71	0,54	0,58	0,59	0,52	0,55	0,61	0,60
5.7 Aðrar tilfærslur til fjölskyldna og barna	0,01	0,01	0,02	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01
5.8 Þjónusta við fjölskyldur og börn	0,47	0,61	0,97	1,03	1,01	1,10	1,09	1,02
- þ.a. leikskólaþjónusta fyrir yngstu börnin	0,65	0,65	0,66	0,73	0,72	0,73
5.9 Önnur útgjöld vegna fjölskyldna og barna	0,12	0,13	0,07	0,06	0,07	0,09	0,08	0,07
Staðvirt á mann, þús. kr. á verðlagi 2008²								
<i>Per capita, at 2008 prices²</i>								
5. Fjölskyldur og börn <i>Families and children</i>	74,6	73,3	100,8	112,0	109,5	113,6	119,8	117,6
5.1 Fæðingarorlof (og –styrkur)	10,1	10,0	23,0	30,5	28,6	26,6	28,5	29,9
5.2 Umönnunar- og makabætur	4,0	4,5	4,4	4,5	4,5	4,3	4,6	4,7
5.3 Barnalífeyrir	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
5.4 Mæðra og feðralaun	1,4	1,3	1,4	1,3	1,3	1,1	1,1	1,0
5.5 Meðlag	4,2	3,8	4,3	3,7	2,9	2,5	2,8	3,0
5.6 Barnabætur	29,5	22,5	24,1	25,0	23,3	24,8	28,1	27,8
5.7 Aðrar tilfærslur til fjölskyldna og barna	0,6	0,6	0,6	0,2	0,2	0,3	0,3	0,3
5.8 Þjónusta við fjölskyldur og börn	19,6	25,3	40,1	43,9	45,1	49,8	50,4	47,3
- þ.a. leikskólaþjónusta fyrir yngstu börnin	26,9	27,8	29,6	33,2	33,4	33,9
5.9 Önnur útgjöld vegna fjölskyldna og barna	5,0	5,2	2,7	2,6	3,2	4,2	3,9	3,4

